

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 1 og 2, Eyrarflöt 4.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. desember 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst í fjölgun íbúða úr 6 í 8 og breikkun á byggingareit um 1,60 m þannig að hann verður 13,6 m. Bifreiðastæði verða 16 þar af eitt fyrir fatlaða.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 4. janúar 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

**Þorvaldur Vestmann.**